

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni fyrir Reykjanesbraut 200.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 9. júlí 2025 breyting á deiliskipulagi aksturs- og skotæfingasvæðis í Kapelluhrauni fyrir Reykjanesbraut 200. Breytingin felst í að lagfæra byggingarreiti með tilliti til núverandi stöðu. Byggingarreitir 5.1 og 5.10 eru færðir til vesturs til þess að ná utan um núverandi byggingar.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar Hafnarfjarðar vegna Óseyrarbrautar 12-14, 12b og 22 (reitir 4.2, 5.2, 5.4a og 5.4b).

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. júlí 2025 breyting á deiliskipulagi Suðrhafnar Hafnarfjarðar vegna Óseyrarbrautar 12-14, 12b og 22 (reitir 4.2, 5.2, 5.4a og 5.4b).

Lýsing á breytingum: Ný gata frá Óseyrarbraut til norðurs að Suðurbakka. Lóðin Óseyrarbraut 12b minnkar en byggingarreitur hennar stækkar til austurs. Lóðin Óseyrarbraut 22 breytir um lögun og stækkar. Lóðin Óseyrarbraut 12-14 minnkar. Aðgangsstýring (Hafnarhlið) færist að Suðurbakka. Lenging hafnarbakka austast á Hvaleyrarbakka og landfylling á súlum. Ný lóð fyrir hafnarvigt verður staðsett austan við nýja aðkomu að Suðurbakka. Þvottaplan smábáta leggst af.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 21. júlí 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Aleksandra Julia Wegrzyniak,
þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 5. ágúst 2025